

Minnisblað um almenningssamráð við endurskoðun stjórnarskrár

18. febrúar 2019

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ríkisstjórnin vilji halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólitísku samstarfi með aðkomu þjóðarinnar og nýta meðal annars til þess aðferðir almenningssamráðs.

Í minnisblaði forsætisráðherra um fyrirhugaða endurskoðun stjórnarskrár, dags. 23. febrúar 2018, kemur fram að allt kapp verði lagt á að starfið verði gagnsætt og haft verði víðtækt samráð við almenning. Leitað verði leiða til að virkja almenning til þátttöku, meðal annars með rökræðukönnunum og efnt verði til almenningssamráðs um land allt.

Helstu valkostir við almenningssamráð:

Á fundi formanna þeirra stjórnsmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi í 4. maí 2018 var fjallað um þær leiðir sem helst koma til greina varðandi almannasamráð og fengnir sérfræðingar til ráðgjafar. Fram kom að hægt er að velja á milli fjölmargra kosta varðandi almenningssamráð en þeir helstu eru: a) Hefðbundin viðhorfskönnun með u.þ.b. 3000 manna úrtaki. b) Rökræðukönnun um valin efni með u.þ.b. 300 manna úrtaki. c) Svokölluð lýðvistun (crowd-sourcing) þar sem almenningi gæfist kostur á að setja fram hugmyndir tengdar stjórnarskránni og rökræða þær, gjarnan einnig með þátttöku stjórnsmálamanna og sérfræðinga.

1. Viðhorfskönnun:

Forsætisráðherra hefur ákveðið að gera hefðbundna könnun þar sem viðhorf Íslendinga til stjórnarskrár og endurskoðun hennar verða rannsökuð og hefur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verið falin gerð könnunarinnar (tilboð kynnt formönnum 21. september 2018). Meginmarkmið hennar er að draga fram sameiginleg grunngildi íslensku þjóðarinnar, að kanna viðhorf til tillagna sem komið hafa fram á undanförunum árum að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins og að kortleggja sýn almennings á þau viðfangsefni stjórnarskrárendurskoðunar sem tekin eru fyrir á þessu kjörtímabili. Um er að ræða síma- og netkönnun meðal úrtaks úr þjóðskrá og úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Spurningar verða samdar af stýrihópi þar sem eru fulltrúar frá forsætisráðuneytinu og Félagsvísindastofnun auk annarra sérfræðinga í málaflokknum. Sú vinna stendur nú yfir og vonast er til að könnunin geti farið fram á vormánuðum 2019. Stefnt er að því að gögn úr könnuninni geti jafnframt nýst við að efna til rökræðukönnunar með hjálp fámennarra úrtaks um afmörkuð atriði stjórnarskrárendurskoðunar.

2. Rökræðukönnun:

Forsætisráðherra hefur ákveðið að láta fara fram rökræðukönnun og borist hefur tilboð frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem kynnt verður formönnum flokkanna á næsta fundi um endurskoðun stjórnarskrár, 1. mars. n.k. Rökræðukönnun byggir á viðhorfskönnuninni og er framkvæmd í kjölfar hennar enda eiga niðurstöður viðhorfskönnunar að nýtast til frekari umræðna frekar en að þjóna sem endanleg niðurstaða um fylgi eða andstöðu við einstakar

breytingar. Rökræðukönnun fer þannig fram að þátttakendur í viðhorfskönnun fá boð um að taka þátt í rökræðufundi um þau atriði (eða hluta þeirra) sem spurt er um í viðhorfskönnuninni. Þátttakendur eru látnir svara sömu könnun og þeir svöruðu upphaflega áður en fundurinn hefst og það gera þeir í þriðja sinn eftir að fundinum lýkur. Með því að fella viðhorfskönnunina inn í rökræðukönnun með þessum hætti, má gera ráð fyrir því að viðhorf hafi þroskast nokkuð, þátttakendur séu orðnir kunnugri þeim atriðum sem verið er að fjalla um og því megi gera ráð fyrir að niðurstaða síðustu könnunarinnar gefi því að mörgu leyti betri vísbendingu um hvað almenningi raunverulega finnst, en viðhorfskönnunin ein. Mikilvægt er að vanda til undirbúnings rökræðukönnunar og m.a. vanda til gerðar þess efnis sem notað er við könnunina. Gert er ráð fyrir að rökræðukönnun geti fari fram fyrri part ársins 2020

3. Lýðvistun:

Til greina kemur að samhliða viðhorfskönnun og rökræðukönnun fari fram svokölluð lýðvistun (crowd-sourcing), sem í grunninn eru rökræður sem fram fara á netinu. Þar gæfist almenningi kostur á að setja fram hugmyndir tengdar stjórnarskránni og rökræða þær, gjarnan einnig með þátttöku stjórnámálamanna og sérfræðinga. Slíkar umræður nýtast þátttakendum til að fá tilfinningu fyrir álitamálum og lykilspurningum sem hjálpar þeim að skerpa á viðhorfum sínum. Mögulegt er að niðurstaða viðhorfskönnunarinnar verði birt og gerð aðgengileg á vefsvæði á borð við Betra Ísland þar sem síðan væri hægt að ræða um einstakar spurningar og svör við þeim. Slíkar umræður gætu varpað frekara ljósi á þau atriði sem nauðsynlegt er að skilningur sé á og að þátttakendur hafi betri tilfinningu fyrir því hverju mismunandi orðalag og hugtakanotkun getur breytt í einstökum tilfellum. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að ráðast vinnu af þessu tagi.

4. Samráðsgátt stjórnvalda

Auk ofangreinds verður efnt til opins samráðs í samráðsgátt stjórnvalda um mótaðar tillögur í formi lagafrumvarpa eftir því sem vinnunni vindur fram.

5. Annað

Í minnisblaði forsætisráðherra, dags. 23. febrúar 2018, kemur fram að eftir eðli málsins hverju sinni verður skoðað hvort efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök frumvörp, annað hvort í formi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningum eða í formi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í lok ferlis (gildistaka frumvarps væri þá háð því að það hlyti samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu). Umræða um þetta atriði hefur ekki farið fram enda er vinnan við endurskoðun stjórnarskrárinnar ekki kominn á það stig.